

Ratleikur í leikskóla

Skemmtilegur ratleikur sem hægt er að framkvæma í hvaða leikskóla sem er. Ratleikurinn er gerður með QR kvóðum sem hægt er að útbúa á vefsíðunni: <http://qrcode.kaywa.com/og> svo þarf að hlaða niður forriti í iPadinn til þess að lesa kvóðana. Þegar þú ert búin/n að því eru þér allir vegir færir, ja.. ef þú hefur ánægju af ævintýrum. Þú klippir út myndirnar hér fyrir neðan og staðsetur þær á réttan stað í leikskólanum þínum. Heppileg hópastærð er 2-6 börn. Munið að lesa með tilprifum fyrir börnin það sem stendur í QR kvóðanum.

Góða skemmtun!

1. Þetta er mynd eitt og á að vera þar sem gengið er út af deildinni þinni inn í leikskólann ekki út í garð.

1.



2. Þetta er mynd tvö og á að vera við hreyfisalinn í leikskólanum.

2.



3. Þetta er mynd þrjú og á að vera við eldhúsið í leikskólanum. Ath. það væri gott að fá samstarf við starfsfólkið í eldhúsinu áður, því börnin eiga að biðja um vatn að drekka.

3.



4. Þetta er mynd fjögur og hún á að vera við deild leikskólans sem börnin eru ekki á. Það væri gott að fá samstarf við starfsfólkið á þeirri deild, því börnin eiga að kubba saman hús.

4.



5. Þetta er mynd fimm og hún á að vera staðsett við skrifstofu leikskólastjóra. Munið að segja stjóranum frá því að hann megi eiga von á heimsókn.

5.



6. Þetta er mynd sex og hún á að vera staðsett við deild barnanna. Munið að gefa börnunum ráðrúm til þess að segja hinum börnunum frá ævintýrinu.

6.

